

Nr. 043 / 15 Rúnar AK 77**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7201
Smíðaður: Hafnarfjörður 1990, plast
Stærð: 4,64 brl. 4,83 bt.
Mesta lengd: 7,95 m Skráð lengd: 7,9 m
Breidd: 2,5 m Dýpt: 1,25 m
Vél: Yanmar 140 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Rúnar ©Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. maí 2015 var Rúnar AK 77 á strandveiðum í Faxaflóa. Veður: N 5-8 m/s. (Bláfeldi)

Skömmu eftir að komið var á miðin sunnan við Göltinn ætlaði skipstjóri að kippa á slóðinni en þá náðist vélin ekki í gang vegna rafmagnleysis. Hafði skipstjórinn þá samband við Bárð SH 81 sem dró Rúnar til hafnar á Arnarstapa.

Við rannsókn kom fram:

- að hleðsla á startgeymum var léleg auk þess sem þá þurfti að endurnýja;
- að rafmagn virtist fara af AIS-tæki þegar startið var tengt inn á neyslugeyma.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.